

**Ed.**

**335. Breytingartillögur**

[146. mál]

við frv. til l. um framleiðslusjóð.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 5. gr. Greinin falli niður.
2. Við 7. gr. Greinin falli niður.
3. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt lögum þessum er, að útgerðarmenn og eigendur fiskvinnslustöðva séu félagar í sameignarfélagi, sem stofnað sé í hverri verstöð. Stjórn hvers félags skipa þrjú menn, og skal einn þeirra kosinn af útgerðarmönnum og eigendum fiskvinnslustöðva, annar af sjómannafélögum verstöðvarinnar og hinn þriðji af ríkisstjórninni, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Stjórnin á aðgang að reikningum allra þátttakenda í félaginu og hefur úrskurðarvald um einstaka kostnaðarliði þeirra. Henni er enn fremur rétt og skylt að rannsaka rekstrarfyrirkomulag sérhvers félaga og miða viðurkenningu sína á réttmæti einstakra kostnaðarliða í reikningum þeirra við það, að um hagkvæman rekstur sé að ræða. Komi í ljós, að tekjuafgangur verði hjá félagi sameignarfélagsins, skal hann greiddur framleiðslusjóði, en þó aldrei hærri upphæð en nemur aðstoð þeirri, er hlutaðeigandi hefur fengið úr sjóðnum.

4. Við 13. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórnin skipar eftir tilnefningu þingflokka 5 manna nefnd til að undirbúa lagasetningu um skatt á verðbólguþróða, og skal hún hafa lokið störfum fyrir 15. febrúar n. k. Skatturinn skal lagður á eignarauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1955, vera stighækkandi og nema sem næst 85 millj. kr. samtals. Skatturinn skal þó aðeins lagður á þá skattþegna, sem hafa aukið skuldlausu eign sína um meira en 300 þús. kr. á þessu tímabili. Við ákvörðun eignaaukans skal miðað við gangverð eigna. Í lögnum skal vera heimild til þess að framkvæmt birgðatalningu og skrásetningu verðbréfa.

5. Við 16. gr. Greinin falli niður.
6. Við 17. gr. Greinin falli niður.
7. Við 18. gr. Greinin falli niður.